



FUNDARGERÐ 460. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 1. nóvember 2021. Fundurinn er settur klukkan 11:47. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Kristinn Andersen og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri.

Hjördís Ýr Johnson og Bjarni Torfi Álfþórsson sækja fundinn með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir

1. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar fyrir starfsárið 2020-2021

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SORPU, tengist fundinum með fjarfundarbúnaði við upphaf hans

Lárus gerir grein fyrir starfsskýrslu endurskoðunarnefndar SORPU.

„Stjórn SORPU bs. þakkar endurskoðunarnefnd fyrir gott samstarf á starfsárinu og vel unnin störf.“

Lárus Finnbogason aftengist fundinum klukkan 12:05.

2. Samningur Góða hirðisins um leigu á nýju húsnæði

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri gera grein fyrir leigusamningi um nýtt húsnæði fyrir Góða hirðinn, með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Ruth Einarsdóttir, rekstrarstjóri Góða hirðisins, tekur sæti á fundinum klukkan 12:43.

Ruth Einarsdóttir vísar af fundi klukkan 13:24.

Afgreiðslu liðsins er frestað.

3. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 3. nóvember klukkan 07:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 13:28.